



**Fundargerð 95. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses.**  
**Haldinn mánudaginn 20. apríl 2026, kl. 08:30 í fundarsal SSS og á TEAMS.**

Mætt eru: Kjartan Már Kjartansson, Fannar Jónasson, Guðrún P. Ólafsdóttir, Magnús Stefánsson, Árni Sigfússon og Arnbjörn Ólafsson

Starfsmenn: Daníel Einarsson (sem ritaði fundargerð) og Sigrún Svafa Ólafsdóttir

#### Dagskrá fundarins:

##### 1. Skýrsla verkefnastjóra

Verkefnastjóri fór yfir helstu verkefni tímabilsins 16.3–20.4.2026. Áhersla hefur verið á fræðslu- og samfélagsverkefni, þar á meðal undirbúning og framkvæmd fræðslu um almyrkva í grunnskólum sem hefur farið vel af stað og fengið mjög góð viðbrögð. Þá var farið yfir þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og verkefnum, undirbúning málþings og framgang Gallup rannsóknar sem er komin í framkvæmd. Jarðvangurinn tók þátt í Skelinni í Suðurnesjabæ og mun einnig taka þátt í BAUN í Reykjanesbæ.

Jafnframt var greint frá virkri miðlun og kynningarstarfi, auk þess sem ný heimasíða jarðvangsins er í vinnslu þó tafir hafi orðið vegna tæknilegra atriða.

Í umræðu um skýrslu verkefnastjóra kom fram vilji stjórnar að halda aðalfund seinni hluta maí mánaðar. Verkefnastjóri vinnur málið áfram með formanni stjórnar.

##### 2. Úttekt RGP 2027 – Tímalína

Verkefnastjóri kynnti tímalínu og fyrirkomulag reglubundinnar úttektar (revalidation) Reykjanes jarðvangs árið 2027. Fram kom að undirbúningur hefist árið 2026 með gagnaöflun og stöðumati, skil lykilgagna fara fram í janúar 2027 og vettvangsúttekt fylgir í kjölfarið snemma sumars 2027.

Í umræðum var lögð áhersla á mikilvægi virkrar þátttöku stjórnar, sveitarfélaga og samstarfsaðila í ferlinu. Þá var undirstrikað að líta beri á úttektina sem tækifæri til umbóta og áframhaldandi þróunar. Almennt var mat fundarmanna að staða jarðvangsins sé góð, sérstaklega hvað varðar samstarf og fræðslu.

##### 3. Gestastofa í RGP – Tillaga að nálgun að næstu skrefum

Verkefnastjóri kynnti tillögu um að hefja markvissa vinnu við þróun gestastofa innan jarðvangsins með því að setja á fót vinnuhópa í hverju sveitarfélagi.

Í umræðum kom fram að mikilvægt sé að efla sýnileika jarðvangsins og styrkja fræðsluhlutverk hans. Bent var á að gestastofur geti verið með mismunandi útfærslum, allt frá stærri sýningum til smærri upplýsingapunkta, og að taka þurfi mið af sérstöðu hvers svæðis. Einnig var rætt um mikilvægi þess að nýta fyrri reynslu og skoða fyrirmyndir frá öðrum jarðvöngum.

Samhljómur var um að ekki væri ástæða til að fresta verkefninu þrátt fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.



Ákveðið var að verkefnastjóri hafi samband við sveitarfélögin og óski eftir tilnefningu fulltrúa í vinnuhópa, með það að markmiði að hefja vinnu við fyrstu tillögur.

#### **4. Málþing Jarðvangs og Náttúruverndarstofnunar, Náttúrufræðistofnun og Minjastofnunar – Hvers virði er náttúran – 29.4 2026 – Hvolnum, Hvolsvelli - Til upplýsinga**

Verkefnastjóri kynnti stöðu og dagskrá málþings sem haldið verður á Hvolsvelli í samstarfi við Kötlú Geopark, Náttúruverndarstofnun, Náttúrufræðistofnun og Minjastofnun .

Fram kom að markmið málþingsins er að skapa vettvang fyrir uppbyggilegt samtal um vernd, nýtingu og gildi náttúru og menningarminja.

#### **5. Fræðsla um Almyrkva í Grunnskólum – farið af stað - til upplýsinga**

Farið var yfir stöðu verkefnis um fræðslu í grunnskólum. Allir skólar á svæðinu hafa þegar bókað fyrirlestira og viðtökur hafa verið mjög jákvæðar. Rætt var um mikilvægi þess að tryggja sýnileika verkefnisins og að skýrt komi fram að fræðslan sé í boði Reykjanes jarðvangs og samstarfsaðila. Þá hafa starfsmenn jarðvangsins óskað eftir að skólar sendi kynningarbréf um verkefnið og jarðvanginn til forráðamanna í aðdraganda fræðslunnar. Einnig var rætt um möguleika á frekari miðlun efnis s.s. með fréttum og á samfélagsmiðlum.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 09:15.